

hafi látið sjer lynda afbrigði þau frá rjettarfarsreglunum, sem hafa átt sjer stað í málinu, að dæma ex officio dóminn og alla meðferð málsins í hjeraði ómerkt. Málskostnaður á eptir atvikum að falla niður.

Að því leyti málið hefur verið varið með gjafvörn fyrir undirrjetti, vottast, að málsfærslan þar hefur verið lögmæt.

Því dæmist jett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur og meðferð málsins í hjeraði á ómerkt að vera, og vísast málinu frá aukarjettinum. Málskostnaður falli niður.

Nr. 37/1892:

Sigurður Jónsson

gegn

Hannesi Thorarensen og

Mattíasi Mattíassyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Hannesi Thorarensen gegn Sigurði Jónssyni út af því, að Hannes telur sig eiga hjá Sigurði 500 kr. Var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 18. ágúst síðastl. með þeim úrslitum, að Sigurður Jónsson var dæmdur til að greiða Hannesi Thorarensen 500 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður. Á meðan á rekstri málsins fyrir bæjarþinginu stóð, kvað dómariinn 5. maí f. á. upp úrskurð, er leysti Mattías Mattíasson, mág Hannesar

Thorarensens, undan að bera vitni í málinu á móti Hannesi.

Þessum dómi hefur Sigurður Jónsson áfrýjað til landsyfirdómsins, svo og greindum úrskurði, með stefnu, dags. 7. dag septembermánaðar f. á., og krafizt:

1. Að úrskurður undirdómarans 5. maí f. á. verði úr gildi felldur og verzlunarmaður Mattías Mattíasson dæmdur skyldur til að bera vitni í máli þessu.
2. Að málinu verði frestað, þangað til Mattías hefur borið vitni í málinu samkvæmt þeim spurningum, sem fyrir hann verða lagðar.
3. Að hinn stefndi, Hannes Thorarensen, verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins. En fallizt yfirdómurinn ekki á þessar kröfur hans, hefur hann gjört þá rjettarkröfu: að hann verði dæmdur sýkn af öllum kær-um og kröfum stefnda, Hannesar Thorarensens, í þessu máli, en stefndi dæmdur til að greiða honum, áfrýjanda, allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eptir mati rjettarins.

Að því kemur til hins áfrýjanda úrskurðar frá 5. maí f. á., þá er Mattías Mattíasson, eins og áður er getið, mágur hins stefnda, Hannesar Thorarensens, og er því samkvæmt N. L. 1—13—17 vilhallt vitni, og með því mál þetta ekki er þess eðlis, að hann samt sem áður skuli bera vitni, af því ekki sje kostur á öðrum vitnum, þá ber að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð,

og verða þannig hinar fyrnefndu kröfur áfrýjanda ekki teknar til greina.

Ad því snertir málsefnið sjálft, þá er það sannað í málinu, að hinn stefndi ljet greiða áfrýjanda 500 kr. sem aktíutillag til gufuskipskaupa, og gaf áfrýjandi 5. júlí 1890 kvittun fyrir þessu fje. Fjenu varði hann — ásamt meiru fje — til þess að kaupa gufubát, sem var nefndur Faxi, er hann kom hingað til lands 1891. Telur áfrýjandi sig hafa haft heimild til þessa; en stefndi kveðst hafa látið af hendi þetta fje, til þess að kaupa hlutabryf (»aktíu«) í öðru gufuskipi, er verið var að semja um kaup á á Skotlandi, þegar hann greiddi fjeð. Stefndi hefur ekki nægilega sannað í málinu, að fjárframlag hans hafi verið bundið við, að þetta skip yrði keypt, nje heldur hefur áfrýjanda tekizt að sanna, að honum hafi verið heimilt að verja fjenu til þess að kaupa »Faxa«. Það eru því ekki önnur málgögn, er notuð verði til þess að skera úr ágrein- ingnum milli málsaðila, en viðurkenning sú eða kvittun, sem áfrýjandi gaf fyrir ofanumgetnum 500 kr. 5. júlí 1890. En í henni viðurkennir áfrýjandi, að stefndi hafi látið greiða sjer þetta fje sem *aktíutillag* til *gufu- skipskaupa*. Hinn stefndi hefur nú haldið því fram og áfrýjandi viðurkennt, að stefndi hafi enga aktíu fengið, hvorki í »Faxa«, nje neinu öðru gufuskipi, og það er ennfremur viðurkennt í málinu, að stefnda hvorki hef- ur verið skýrt frá, að hann ætti part (aktíu) í Faxa, nje gefinn kostur á að taka þátt í neinum þeim ráð- stöfunum, er lutu að notkun hans, og því síður er sönnun framkomin fyrir, að stefndi hafi þegjandi sætt sig við þessa notkun á fje hans. Það ber því að líta svo á, að greiðsla stefnda á optnefndum 500 kr. hafi

verið bundin þeim skildaga, að hann fengi aktíubrjef í gufubát, auðvitað með þeim rjettindum, er slíkt brjef veitir; og með því stefndi ekki fjekk slíkt brjef, verður að álíta, að hann eigi heimtingu á að fá fje sitt aptur hjá áfrýjanda með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og ber því að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúarmán.

Nr. 49/1892.

Híð opinbera
gegna

Þorsteini Helgasyni.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. nóvbr. f. á., var hinn kærði Þorsteinn bóndi Helgason frá Presthúsum á Kjalarnesi dæmdur fyrir ólöglega húsmennsku í Reykjavík í 10 kr. sekt, að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og að hálfu til fátækranefndarinnar þar, svo og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Dómi þessum hefur eptir ósk hins dómfellda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Eptir skýrslum málsins flutti kærði hingað til